



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 5. október 2009

Ákvörðun nr. 33/2009

## **Samruni Íslandsbanka hf. og Icelandair Group hf.**

### **I.**

#### **Málsatvik og málsmeðferð**

Með bréfi dags. þann 18. maí 2009 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna yfirtöku Íslandsbanka hf. á 42% eignarhlut í Icelandair Group hf. Með tilkynningu þessari fylgdi samrunaskrá í samræmi við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Í samrunaskrá var óskað eftir undanþágu frá banni við að framkvæma samruna meðan á málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins stendur. Samkeppniseftirlitið taldi að lagaskilyrði fyrir slíkri undanþágu væru uppfyllt og veitti hana með bréfi dags. þann 20. maí 2009.

Upphafleg samrunatilkynning reyndist ekki fullnægjandi. Í kjölfar gagnaöflunar og frekari athugunar á umræddum samruna áttu sér stað viðræður við Íslandsbanka. Hafa þær leitt til þess að samrunaaðilar hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér skilyrði sem bankinn hefur fallist á en nánar er vikið að þeim í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist.

Í máli þessu hefur Íslandsbanki hf. (hér eftir bankinn) tilkynnt um yfirtöku sína á 42% hlutafjár í Icelandair Group hf. (hér eftir IG). Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá átti bankinn tæp 5% í IG fyrir samrunann og mun því eignarhluti bankans verða samtals um 47% í kjölfar samrunans. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá mun bankinn við samrunann öðlast yfirráð yfir IG og dótturfélögum þess en slíkur samruni er tilkynningarskyldur samkvæmt samkeppnislögum.

Samruninn átti sér stað með þeim hætti að bankinn yfirtók lán sín til IG í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda Glitnis banka til Nýja Glitnis banka, sbr. breytingu á þeirri ákvörðun, dags. 19. október 2008.



Í samrunaskrá kemur fram að samrunnin sé gerður í þeim tilgangi að verja hagsmuni bankans. Segir að Íslandsbanki muni halda rekstri dótturfélaga IG áfram óbreyttum. Samkvæmt áætlun bankans er þó gert ráð fyrir að um leið og fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins sé lokið verði hafist handa um undirbúning á sölu á eignarhlut bankans í IG. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að bankinn muni eiga verulegan eignarhlut í félaginu í 12 mánuði. Hvenær og hvernig geti orðið af sölnunni, mun að sögn bankans mjög mótast af framvindu í rekstri félagsins og þróun mála á fjármálamörkuðum.

Samkeppniseftirlitið telur að með framangreindu hafi Íslandsbanki náð yfirráðum í Icelandair Group og um sé að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

### III.

#### Niðurstaða

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti getur stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Í 17. gr. f. samkeppnislaga er veitt heimild til þess að gera sátt við fyrirtæki ef um er að ræða samruna sem raskar samkeppni.

#### 1.

Íslandsbanki er lánastofnun í skilningi 2. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Íslandsbanki sinnir hefðbundinni viðskiptabankastarfsemi, viðtöku innlána og útlánastarfsemi. Þá veitir bankinn fjárfestingabankþjónustu, miðlar verðbréfum og veitir einstaklingum fjárfestingarráðgjöf. Þá stundar bankinn gjaldeyrismiðlun. Helstu samkeppnisaðilar bankans eru önnur fjármálafyrirtæki með jafn viðtæk leyfi til fjármálastarfsemi og bankinn auk félaga með þrengri leyfi til fjármálastarfsemi.

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um viðskiptabankamarkað í ýmsum ákvörðunum. Í ákvörðun 50/2008 *Samruni SPRON og Kauppings* er að finna ítarlega skoðun á viðskiptabankamarkaði. Í þeirri ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að þrjár viðskiptabankar hefðu sameiginlega markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir viðskiptabankþjónustu til einstaklinga og smærri fyrirtækja. Telja verður að staða núverandi viðskiptabanka á mörkuðum fyrir hefðbundna bankastarfsemi hér á landi sé í aðalatriðum svipuð stöðu forvera þeirra, sbr. einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 16/2009.

Líkt og fram kemur í samrunaskrá er bankinn hins vegar nú orðinn óbeinn þátttakandi á mörkuðum utan fjármálastarfsemi eftir að bankinn hefur orðið að taka yfir nokkur fyrirtæki í ýmissi starfsemi vegna þeirra erfiðu efnahagsaðstæðna sem nú ríkja.

Icelandair Group er eignarhaldsfélag eftirtalinna félaga:

- Icelease ehf.
- Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf.
- Loftleiðir-Icelandic ehf.
- Flugleiðahótel ehf. (Icelandair Hotels)
- Iceland Travel ehf.



- Bláfugl ehf.
- Icelandair ehf.
- Flugleiðir-Frakt ehf.
- IG Invest ehf.
- Fjárvakur-fjármálapjónusta ehf.
- Flugfélag Íslands ehf.
- Loftleiðir ehf. (Icelandic Airlines)

Að auki tilheyra samstæðunni eignarhlutir í eftirfarandi félögum sem skráð eru erlendis:

- Icecap Ltd., skráð á Guernesey
- SmartLynx, skráð í Lettlandi
- Travel Service, skráð í Tékklandi

Í samrunaskrá er gerð grein fyrir því að ýmis dótturfélög séu í sterkri stöðu á þeim mörkuðum sem þau starfa, t.d. Icelandair og Flugfélag Íslands. Líta ber einnig til þess að komist hefur verið að sömu niðurstöðu í samkeppnismálum sem varða þennan markað. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 4/2007 Icelandair ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu var komist að þeirri niðurstöðu að Icelandair væri í markaðsráðandi stöðu. Í dómi Hæstaréttar frá 2. október 2008 í máli nr. 640/2007 var vísað til yfirburðarstöðu Flugþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli.

## 2.

Af framansögðu leiðir að samrunaðilar eru ekki keppinautar í meginstarfsemi sinni. Líta ber einnig til þess að í samrunaskrá er tekið fram að Íslandsbanki hafi ekki bein eða óbein yfirráð yfir neinu félagi sem hefur með höndum áþekkan rekstur og þau félög sem heyra undir IG. Er þannig ekki um það að ræða að skörun sé á milli starfsemi Íslandsbanka og hinna yfirteknu félaga og samruninn hefur að því leytinu ekki skaðleg áhrif á samkeppni. Kemur þá til skoðunar hvort samruninn geti leitt til röskunar á samkeppni að öðru leyti.

Við samruna þessa máls öðlast Íslandsbanki yfirráð yfir IG og þegar af þeirri ástæðu getur bankinn að óbreyttu haft áhrif á það við hvaða fyrirtæki IG og dótturfélög þess eiga viðskipti. Skiptir hér máli að dótturfélög IG eru eins og fyrr sagði sum hver mjög öflug á sínu sviði og mikilvægir viðskiptavinir ýmissa birgja. Má t.d. nefna að Icelandair er stór kaupandi að flugvélaeldsneyti. Fyrir liggur að Íslandsbanki á umtalsverðan eignarhlut í Skeljungi, sbr. umfjöllun í samrunaskrá. Af þessum ástæðum skapast ákveðin hættu á því að Íslandsbanki geti haft veruleg áhrif á samkeppni á mörkuðum sem tengjast starfsemi IG. Sökum þessara hagsmunatengsla getur t.d. verið hættu á því að keppinautar í sölu á flugvélaeldsneyti útilokist frá samkeppni á mikilvægum hluta markaðarins. Jafnframt geta þessi tengsl haft óheppileg áhrif á möguleg viðskipti Skeljungs og fyrirtækja IG sem t.d. getur raskað stöðu keppinauta dótturfélaga IG. Einnig getur það haft skaðleg áhrif á samkeppni ef IG fengi í hendur frá Íslandsbanka viðkvæmar upplýsingar um keppinauta eða viðskiptavinir félagsins. Hið sama á við ef keppinautar eða viðskiptavinir fá frá bankanum viðkvæmar upplýsingar um IG. Sökum þessa getur samruni þessa máls að óbreyttu raskað samkeppni með umtalsverðum hætti og farið því gegn 17. gr. c samkeppnislaga.



Í ljósi framangreinds taldi Samkeppniseftirlitið að ástæða væri til að grípa til íhlutunar vegna samrunans. Í 17. gr. c samkeppnislaga kemur fram að Samkeppniseftirlitið geti sett samruna sem hindrar virka samkeppni í skilningi ákvæðisins skilyrði. Með því að setja slíkum samruna skilyrði er ætlunin að koma í veg fyrir þau samkeppnishamlandi áhrif samruna sem ella myndu leiða til ógildingar hans. Verða skilyrði að vera fullnægjandi í því skyni, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2001 *Mjólkurfélag Reykjavíkur svf., Lýsi hf. og Fóðurblandan hf. gegn samkeppnisráði.*

Líkt og fram hefur komið hafa viðræður við Íslandsbanka leitt til þess að sátt hefur verið gerð í málinu með setningu skilyrða sem ætlað er að koma í veg fyrir umrædd samkeppnisleg vandkvæði. Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin séu nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samruna þessum.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Yfirtaka Íslandsbanka hf. á 42% eignarhlut í Icelandair Group hf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 en í kjölfar samrunans á Íslandsbanki 47% eignarhlut í félaginu. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingu samrunans:**

##### 1. gr.

**Íslandsbanki skal ekki grípa til neinna ráðstafana sem með beinum eða óbeinum hætti er ætlað að hafa áhrif á við hvaða fyrirtæki Icelandair Group eða dótturfélag Icelandair Group eiga viðskipti.**

##### 2. gr.

**Íslandsbanki skal ekki grípa til neinna ráðstafana sem með beinum eða óbeinum hætti er ætlað að hafa áhrif á viðskiptakjör fyrirtækja, sem er í eigu bankans að hluta eða öllu leyti, sem selja Icelandair Group, dótturfélögum Icelandair Group eða keppinautum þessara fyrirtækja vörur eða þjónustu.**

##### 3. gr.

**Íslandsbanki skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um keppinauta eða viðskiptavini Icelandair Group og dótturfélaga Icelandair Group berist ekki til þeirra fyrirtækja.**

##### 4. gr.

**Íslandsbanki skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um Icelandair Group og dótturfélög Icelandair Group berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina þeirra fyrirtækja.**



**5. gr.**

**Íslandsbanki skal fyrir 1. nóvember 2009 tilkynna Samkeppniseftirlitinu um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að tryggja að farið verði að framangreindum skilyrðum.**

**6. gr.**

**Brot á þessum skilyrðum varðar viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga."**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson